



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á afmælisfagnaði Kvenfélags Garðabæjar**

**Garðaholti í Garðabæ
1. febrúar 2023**

Bæjarstjóri,
formaður Kvenfélags Garðabæjar,
ágætu kvenfélagskonur.

Á merkum tímamótum færi ég Kvenfélagi Garðabæjar heillaóskir. Enn er rúmur mánuður þar til félagið nær 70 ára afmæli en það er vel til fundið að koma hér saman og fagna á fyrsta degi febrúarmánaðar.

Þess má geta, í þágu sagnfræðilegrar nákvæmni, að fyrstu áratuginna hét félagið Kvenfélag Garðahrepps. Þess má líka geta að kvenfélagið er elsti félagsskapurinn með rætur í því sveitarfélagi. Aftur látum við þó nákvæmni ráða og því er þess vegna bætt við hér að Kvenfélag Álftaness er enn eldra, stofnað 1926 – þannig að hér í sameinuðu sveitarfélagi eru önnur merk tímamót fram undan innan tíðar.

Öll þessi 70 ár frá stofnun ykkar félagsskapar hefur margt borið til tíðinda á vettvangi hans. Kvenfélagskonur hafa látið til sín taka á mörgum sviðum mannlífsins og hér í Garðaholti þarf ekki að leita langt yfir skammt. Kvenfélagið stóð að endurreisn þessa virðulega húss og sama gildi um Garðakirkju hér nærri. Sá stórhugur var svo sannarlega mikilsverður. Þið þekkið starfið og söguna betur en ég en ég nefni einnig hvers kyns námskeiðahald, jólatrésskemmtanir og þorrablot um árabíl auk veitinga og fjáröflunar á 17. júní. Þá má geta stuðnings við sundlaugarbyggingu og leikskólastarf og er þá fráleitt allt talið.

Hér vil ég einnig nefna félagslega þáttinn. Í kvenfélagi rétt eins og öðrum góðum félögum getur fólk hist, skipst á sögum og skoðunum, fræðst og fundið kraftinn og hlýjuna í því að njóta samvista. Á dögum hinna óteljandi fjölmiðla og tælandi samfélagsmiðla getur verið freistandi að sitja heima, láta tæknina sjá

um að stytta manni stundir. En um leið eykst sú hættu að fólk verði einmana og afskipt, fari á mis við mannleg samskipti. Þetta eru engar ýkjur; haft hefur verið á orði að einsemd og einangrun geti orðið ein mesta heilbrigðisvá okkar aldar.

Já, kvenfélag ykkar gegnir mikilvægu hlutverki á mörgum sviðum, bæði fyrir einstaklinga og heildina. Satt er það sem Ásdís Halla Bragadóttir, þáverandi bæjarstjóri, sagði á hálftrar aldar afmælinu fyrir tveimur áratugum. „Kvenfélagið er skemmtilegur félagsskapur kraftmikilla kvenna á öllum aldri. Markmiðið er göfugt enda koma þar konur saman til að láta gott af sér leiða og stuðla að jákvæðum bæjarbrag sem er afskaplega dýrmætt.“

Loks verður ekki minnst á kvenfélag og starfsemi samtaka af því tagi án þess að nefna kvenréttindi og jafnrétti. Ásdís Halla var fyrsta konan til að gegna embætti bæjarstjóra hér í Garðabæ og skulum við stefna að því að skapa samfélag jafnra tækifæra, óháð kyni og öðrum kvíum.

Ágætu áheyrendur: Í tímans rás hefur ímynd kvenfélaga breyst og starfsemin öll sömuleiðis þótt grunngildin séu þau sömu. En því er ekki að neita að þegar barátta fyrir auknum réttindum kvenna færðist í aukana hér á landi, með atbeina Rauðsokka og annarra, gætti nokkurs núnings í röðum kvennasamtaka, jafnvel spennu.

Kannski eru einhverjar konur í þessum sal til frásagnar um slíkt í Garðabæ og Garðahreppi fyrr á tíð en ég leyfi mér að geta um kvenréttindakonu úr nágrannasveitarfélagi okkar Álftnesinga og Garðbæinga. Ég leyfi mér sem sé að vitna í endurminningar ömmu minnar, Sigurveigar Guðmundsdóttur, sem lét lengi að sér kveða bæði í félagsmálum hafnfirskra kvenna og innan raða Kvenréttindafélags Íslands. Í ævisögu ömmu Veigu, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skráði, sagði hún þetta um yngri konur sem komu fram á sjónarsviðið, frakkar og hressar og róttækar:

Þær afskrifuðu kjólinn og þá stífu hárgreiðslu sem einkenndi eldri kynslóðina og gengu í víðum fötum, buxum og jafnvel berfættar í skónum. Eldri kynslóðinni fannst þetta alveg óþolandi ódömullegt og þessi stíll gekk alls ekki í gamlar, virðulegar konur í Kvenréttindafélaginu. Það er hægt að ímynda sér konu í peysufötum á fundi við hliðina á annarri sem gengur berfætt í skónum og í síðbuxum. Við Anna [Sigurðardóttir] gengum ekki í buxum, því miður. Ég gekk allt of seint í slíkum fatnaði – sá bjáni sem ég var.

Ágætu kvenfélagskonur! Gangi ykkur áfram vel í ykkar dýrmætu störfum, sjálfum ykkur og samfélaginu til heilla. Höldum í það gamla og góða en leyfum okkur líka að njóta ferskra strauma, í buxum eða peysufötum, í kvenfélögum og öðrum samtökum, í landi fjölbreytni og víðsýni, samstöðu og samkenndar. Kvenfélag Garðabæjar lengi lifi!